



Fundargerð

363. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) Sveinn Ragnarsson (SR) og Vilberg Þráinsson (VÞ) varamaður í forföllum Eiríks Kristjánssonar (EK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka tvö mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 362. fundur sveitarstjórnar 20. mars 2014.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- og bygginganefnd 7. apríl 2014.

Fundargerð lögð fram.

1. **Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.**

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir bókun nefndarinnar og að leitað verði heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa breytingu á aðalskipulagi 2006-2018. Samþykkt samhljóða.

2. **Deiliskipulag við Reykhóla, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð.**

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða auglýsingu á breyttu aðalskipulagi 2006-2018. Samþykkt samhljóða.

3. **Deiliskipulag þéttbýlið Reykhólar, Hellisbraut.**

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu GJÓ.

4. **Lóð í Flatey.**

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, samþykkt samhljóða.

5. **Samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi, breytt samþykkt skv. lögum 38/2013 um búfjárhald.**

Sveitarstjórn samþykkir breytta samþykkt um búfjárhald og felur sveitarstjóra að senda hana atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 31. mars 2014.

Fundargerðin lögð fram.

1. Kennsluafsláttur fyrir skólastjóra.

Nefndin samþykkti að afsláttur á kennsluskyldu skólastjóra skólaárið 2014-2015 verði 50% miðað við gildandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við Skólastjórafélag Íslands.

ÁSK vék af fundi undir þessum lið.

GJÓ lagði fram eftirfarandi breytingartillögu; Ekki verði gefinn afsláttur af kennsluskyldu skólastjóra skólaárið 2014-2015 miðað við gildandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við Skólastjórafélag Íslands. Tillagan felld með einu atkvæði GJÓ á móti AB og SR, VP sat hjá.

ÁSK kom aftur inn á fundinn.

2. Skóladagatal 2014-2015.

Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal fyrir árið 2014-2015.

3. Kennslustundir grunnskólakennara skólaárið 2014-2015.

Nefndin samþykkti allt að 155 kennslustundir skólaárið 2014-2015.

GJÓ lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: Sveitarstjórn Reykhólahrepps úthlutar skólastjóra 148 kennslustundir skólaárið 2014-2015. Tillagan felld með einu atkvæði GJÓ á móti ÁSK og AB. SR og VP sátu hjá. Tillaga mennta- og menningarmálanefndar stendur.

4. Skólaakstur grunnskólanema.

Nefndin lagði til við sveitarstjórn að samið yrði áfram við núverandi þjónustu-aðila.

VP vék af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninga um skólaakstur annað sinn um tvö ár. Samþykkt samhljóða.

5. Dans í Reykhólaskóla.

Nefndin samþykkti að danskennsla yrði felld inn í skólastarfið.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Velferðarnefnd Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 28. janúar 2014.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. **1404003 – Styrkbeiðni vegna skólaferðar unglingadeildar til Danmerkur vorið 2014.**

Erindi frá unglingadeild Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir 10.000 kr. styrk á hvert barn í unglingadeild Reykhólahrepps vegna skólaferðar vorið 2014, alls að upphæð kr. 40.000. Samþykkt samhljóða.

2. **1404004 – Viðhald Eyrarréttar sumarið 2014.**

Erindi frá Jóni Þór Kjartanssyni starfsmanni áhaldahúss, dagsett 19. mars 2014.

Erindið samþykkt með þremur atkvæðum AB ÁSK og VP á móti tveimur GJÓ SR.

3. **1404005 – Húsaleigustyrkur árið 2014.**

Erindi frá Bata- og hlunnindasýningunni ehf. móttekið 2. apríl 2014.

Erindið samþykkt samhljóða.

4. **1401013 – Ársreikningur 2013, tillaga að afskriftum krafna.**

Tillaga frá sveitarstjóra vegna vinnu við ársreikning fyrir árið 2013.

Sveitarstjóri lagði fram lista vegna afskrifta óinnheimtra krafna úr bókhaldi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

5. **1404006 – Vestfjarðavíkingurinn 2014, 10.-12. júlí 2014.**

Erindi frá Félagi Íslenskra kraftamanna dagsett 3. apríl 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps tekur jákvætt í erindið. Samþykkt samhljóða.

6. **1404002 – Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, boð um aðild.**

Erindi frá framkvæmdastjórum Samorku og veitusviðs Samorku dagsett 1. apríl 2014.

Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar. Samþykkt samhljóða.

7. **1404010 – Framtíðarfyrirkomulag alþjónustu, tenging við almenna fjarskiptanetið.**

Erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga dagsett 4. apríl 2014.

Erindið lagt fram.

8. **1404011 – Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu, 335. mál.**

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis, dagsett 4. apríl 2013.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

9. **1404007 – Athugasemdir landshlutasamtakanna við Menningarsamning 2014.**

Erindi landshlutasamtakanna til mennta- og menningarmálaráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra 27. mars 2014.

Lagt fram.

10. **1404008 – 6. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016 og 20. Unglingalandsmót UMFÍ 2017.**

Ósk um umsóknir frá sambandsaðilum og sveitarstjórnnum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd.

Lagt fram.

11. 1404009 – Hlutaþréf í Landskerfi bókasafna hf.

Hlutaþréf Reykhólahrepps í Landskerfi bókasafna vegna aðildar að Gegni.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

6. 1404013 – Íbúaskrá Reykhólahrepps 1. desember 2013.

Íbúaskrá Reykhólahrepps 1. desember 2013 lögð fram og kynnt.

7. Opnun Grettislaugar um páskana.

Erindi frá umsjónarmanni Grettislaugar dagsett 8. apríl 2014.

Umsjónarmanni Grettislaugar er falið að taka ákvörðun um opnunartíma, svo lengi sem hann heldur sig innan fjárlagaramma ársins 2014. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.

_____	_____
_____	_____
_____	_____